



# Framkvæmda- fréttir

9. tbl. /06



Frá opnun tilboða í gerð Héðinsfjarðarganga 21. mars 2006.

## Héðinsfjarðargöng

Í þessu blaði eru birtar niðurstöður útboðs Héðinsfjarðarganga en tilboð voru opnuð þriðjudaginn 21. mars sl.

Framkvæmdin er liður í að bæta samgöngur, auka umferðaröryggi og tengja Siglufjörð við Eyjafjarðarsvæðið og styrkja þannig byggð á svæðinu. Framkvæmdin mun stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 km í um 15 km miðað við leið um Lágheiði og úr 234 km í 15 km miðað við leið um Öxnadalshéiði.

Alls buðu 5 fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypur í verkið en sjötta fyrirtækið sem samþykkt var í forvali tilkynnti að það myndi ekki senda inn tilboð. Lægsta tala sem lesin var upp á opunarfundi var kr. 5.739.412.688 en það tilboð kom frá Háfelli ehf., Reykjavík og Metrostav a.s., Tékklandi. Tilboðið er 88,8% af kostnaðaráætlun.

Útboðsgögn voru miðuð við hefðbundna jarðgangagerð með borun og sprengingum. Auk tilboðs í samræmi við útboðsgögn var bjóðanda heimilt að senda inn frávikstilboð miðað við aðra verktilhögun s.s. heilborun. Eitt slíkt frávikstilboð barst frá Arnarfelli ehf. upp á ríflega 8 milljarða króna.

Þessi framkvæmd var ákveðin með samþykkt jarðgangaáætl-

unar á Alþingi í maí árið 2000. Það sumar voru gerðar miklar rannsóknir vegna ganganna og m.a. gerðar rannsóknarboranir á munnasvæðum í Siglufirði, Ólafsfirði og Héðinsfirði. Eftir þessar rannsóknir var staðsetning jarðgangamunna endanlega valin og þá var horft til snjó- og snjóflóðaaðstæðna, þykkt yfirborðslaga og heppilega legu á milli gangamunna, m.a. með tilliti til náttúrufars.

Framkvæmdin var fyrst boðin út vorið 2003 en samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var henni frestað eftir að tilboð höfðu verið opnuð.

## Lýsing framkvæmdar

Framkvæmdin sem hér um ræðir eru tvenn jarðgöng ásamt vegskálum við gangaenda, vegagerð að göngunum og milli þeirra og gerð einnar brúar.

Jarðgöngin eru um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Breidd ganganna er 8,6 m. Heildarlengd vegskála er um 450 m. Gert er ráð fyrir að jarðgöngin milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar verði grafin frá Siglufirði og göngin milli

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 14. árg. nr. 430 27. mars 2006

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Vegur og gangamunni í Siglufirði.  
Tölvuteikning: Teikn á lofti.



Horft úr vesturhlíð Héðinsfjarðar, norður yfir Héðinsfjarðarvatn. Vegur milli jarðgangamunna fer þvert yfir dalbotninn innan við vatnið.

Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar verði grafin frá báðum endum, þ.e. frá Ólafsfirði og Héðinsfirði. Gangagröftur í Héðinsfirði á mót gangagreftri frá Ólafsfirði er ekki heimilaður fyrr en gangagreftri frá Siglufirði til Héðinsfjarðar er lokið. Verkkaupi mun hreinsa ofan af klöppinni fyrir gangaendum í Héðinsfirði. Ennfremur hefur verkkaupi gert vinnuslóða við hliðina á vegstæði að munnum jarðganga í Skútudal og Ólafsfirði.

Verkið nær ennfremur til lagningar um 2 km langs vegar í

Siglufirði, um 0,6 km vegkafla í Héðinsfirði og samtals um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði yfir brú á Ólafsfjarðarósi ásamt tengingum við gatnakerfi Ólafsfjarðar. Einnig er innifalinn breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og gerð tenginga í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði. Byggja á 14 m langa brú yfir Héðinsfjarðará.

Vegna viðkvæms umhverfis í Héðinsfirði og takmörkunar á umferð þar skal verktaki aðeins halda úti lágmarksaðstöðu í





Um 350 m djúp kjarnahola var boruð upp af Grundarkoti, í austurhlíð Hédinsfjarðar sumarið 2000.

Hédinsfirði á verktímanum og aðkoma hans að vinnusvæðinu þar verði um jarðgöngin.

### Verktími

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir í júlí 2006 og verki skal að fullu lokið eigi síðar en 10. desember 2009.

## Niðurstöður útboða

### Hédinsfjarðargöng 05-035

Tilboð opnuð 21. mars 2006. Jarðgöngin eru um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Hédinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Hédinsfjarðar. Breidd ganganna er 8,6 m. Heildarlengd steinsteypra vegskála er um 430 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 3,3 km langra vega.


Helstu magntölur eru:

Gröfur jarðganga	580.000 m <sup>3</sup>
Sprautusteypa	20.000 m <sup>3</sup>
Steinsteypa	4.600 m <sup>3</sup>
Gröftur á lausum jarðefnum	80.000 m <sup>3</sup>
Forsprengingar að göngum	30.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar	460.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 10. desember 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Marti Contractors Ltd., Íslenskir aðalverktakar	8.942.506.924	138,4	3.203.094
4	Ístak hf.	6.543.542.171	101,3	804.129
---	Áætlaður verk- takakostnaður	6.460.000.000	100,0	720.587
3	Arnarfell ehf.	6.140.625.494	95,1	401.213
2	Leonhard Nilsen & Sønner As, Héraðsverk ehf.	5.848.792.855	90,5	109.380
1	Metrostav a.s., Háfell ehf.	5.739.412.688	88,8	0

Arnarfell ehf. og Ístak hf. skiluðu inn frávíkstilboðum.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	06
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	06
06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti	06
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	06
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	06
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	06
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvvegur	06
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	06
06-024 Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná	06
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax	06
06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)	06
06-022 Uxahryggjarvegur (52) um Tröllháls	06
06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hvalfjarðargöng - Borgarnes	06
06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti	06
06-021 Vestfjarðavegur (60) í Þorskafirði	06
06-020 Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721)	06
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	06
06-018 Víðidalsvegur (715), Hrap্পstaðavegur - Dæli	06
06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlnes	06
06-016 Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur	06
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufa	06
06-013 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	06
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	06
06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði	06
06-010 Mölburður og styrkingar Norðaustursvæði	06
06-009 Yfirlagnir Norðaustursvæði	06
06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006	06
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðá	06
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði 2006-2008	27.03.06	11.04.06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	20.03.06	11.04.06
06-038 Skálavegur (246), Hringvegur - Núpar	13.03.06	28.03.06
06-036 Hringvegur (1), Þorlákshafnarvegur - Hafravatnsvegur, hönnun	13.03.06	11.04.06
06-039 Yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Suðursvæði og Norðaustursvæði 2006-2008	13.03.06	28.03.06
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	30.01.06	28.03.06
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-035 Héðinsfjarðargöng	10.10.05	21.03.06
06-012 Efnisvinnsla Suðursvæði 2006	27.02.06	14.03.06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	27.02.06	14.03.06
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	20.02.06	07.03.06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	13.02.06	07.03.06
06-001 Ásbyrgisvegur (861), Norðausturvegur - tjaldsvæði	30.01.06	14.02.06
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Brekka 1. áfangi	16.01.06	31.01.06
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.01.06	31.01.06
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	28.02.06	14.03.06

## Auglýsingar útboða

### Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði, 2006-2008

06-041

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og á Hringvegi (1) að Selfossi, 2006-2008.

Helstu magntölur eru:

Sprautuplast, akreinalínur	550.000 m
Sprautuplast, markalínur	450.000 m
Formerkingar	250.000 m
Massaðar örvar	3.600 m <sup>2</sup>
Massaðar stakar merkingar	3.300 m <sup>2</sup>
Massaðar akreina- og markalínur	15.000 m <sup>2</sup>
Massaðir biðskylduþríhyrningar	2.200 stk

Verki skal að fullu lokið 1. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. mars 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 11. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.